

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. mars 2013  
Tilvísun: UST20130200230/bs

### Tillaga að matsáætlun-Kröflulína 3, 220 kV. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun: Meðfram Kröflulínu 2 liggur troðningur sem myndast hefur við akstur tækja við byggingu línunnar og seinni tíma viðhald. Ráðgert er að leggja nýjan línuveg í núverandi troðning.


Umhverfisstofnun telur að val á stæði fyrir slóða verði ekki algerlega bundið við núverandi troðning. Oft hafa slíkir troðningar myndast við það að ekið hefur verið beint af augum meðfram línunni og er stundum mögulegt að velja betri leið en gert var í fyrstu.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi ríka áherslu á að ganga frá troðningnum ef línuvegurinn verður lagður utan hans. Einnig að önnur ummerki um akstur við núverandi línu verði jöfnuð, hjólför ýfð upp og röskuð svæði grædd upp þar sem línan liggur um gróið land.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt

  
Sigríður Kristjánsdóttir

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur